

Líf og list



Umsjón:
Katrín Pálsdóttir



Bragi Ásgeirsson við myndir sínar og Sigurðar, sem eru til hægri.

Kennari og nemandi sýna í Norræna húsinu – Bragi Ásgeirsson og Sigurður Örn

BRAGI ÁSGEIRSSON og SIGURÐUR ÖRN BRYNJÓLFSSON hafa opnað sýningu á verkum sínum í Norræna húsinu. Á sýningunni eru 35 verk eftir Braga og 70 eftir Sigurði Örn. Á fundi með blaðamönnum kom það fram, að hér er um tvær sjálfstæðar sýningar að ræða. Nokkur aldursmunur er á myndlistarmönnum, Sigurður Örn fæddur 1947, eða sama ár og Bragi hóf nám í Myndlista- og

handiðaskólanum. Bragi var fyrsti kennari Sigurðar, þegar hann gerðist nemandi við sama skóla. Bragi tileinkar sinn hluta sýningarinnar börnum og barnaári. Hugmyndin að myndum hans á sýningunni kviknaði, þegar hann sat fund alþjóðlegrar nefndar haustið 1978, sem fjallaði um Biennalinn í Rostock í ár. En þar var samþykkt að tileinka hann barnaári.

Bragi gerði myndaröð, sem höfðar til barna um leiki þeirra. Einkunnaröð sýningar Braga eru: Mannlífið, ástin og börnin. Myndir Sigurðar Arnar sýna mannlífið í hnotskurn og eru í senn ádeila og skop. Samtíminn kemur fram á alþjóðlegum sem þjóðlegum vettvangi, kerfisþælar, möppudýr, bílaöld o.s.frv. Sýningin er opin frá klukkan 14 til 22 fram til 25. nóvember. KP.



Mögnuð þjóðfélagsádeila

Leikfélag Keflavíkur: Útkall í Klúbbinn eftir Hilmar Jónsson Leikstjóri: Gunnar Eyjólfsson.

Nýtt íslenskt leikrit var frumsýnt í Stapa sunnudaginn 11. nóv. af Leikfélagi Keflavíkur. Leikstjóri er Gunnar Eyjólfsson. Hilmar Jónsson höfundur þessa leikverks er góðkunnur rithöfundur. Eftir hann hafa birst fjölmargar bækur og greinar um bókmenntir og menningarmál. Hilmar hefur sett svip á þá menningarmálaumræðu, sem farið hefur fram undanfarin ár. Hann er harður penni með fastmótábar skobanir og hefur því að vonum mjög gustað um hann. Það er mikið fagnaðar-efni að nú skuli þessi höfundur koma fram í nýju hlutverki á sviði íslenskra bókmennta. Efni þessa verks er sótt í umhverfi, sem höfundurinn þekkir vel, þ.e.a.s. sambúð Íslendinga og Ameríkana á Keflavíkurlflugvelli.

Útkall í klúbbinn er fjölmenn sýning, um 20 leikarar. En þar fyrir miðju standa forstjóri og stöðinni, lögreglustjóri þar og lögreglumáður. Leikritið hefst þar sem kapteinninn í herstöðinni tekur á móti gestum, það er forstjóranum og dóttur hans. Aðalkeppikefli forstjórans er að fá góða samninga sem verktaki við herinn. Kapteinninn aftur á móti grunar hann um græsku og vill fá að vita hverju forstjóri stingur í eigin vasa. Til þess felur hann þjónum sínum að vera örlátir á viti við gestina. Samkvæmið endar á dramatískan hátt, þar sem einn gestanna telur sig naðbeygðan að kalla á lögregluna. Einn lögregluþjónn er á vakt, þegar útkallið kemur, en lögreglumáðurinn brýtur reglur um að fara ekki einn og með leyfi inn í Klúbbinn. Hann réttlætir sig með því að hann hafi verið að bjarga dóttur forstjórans frá nauðgun. Leikritið fjallar síðan um örlög þessa lögreglumanns.

En í lok leiksins er lögð fyrir hann gildra af valdamönnum stábarins, svo að hann geti aldrei borið vitni um þá spillingu, sem þarna á sér stað. Þar eiga forstjóri og dóttur hans hlut að máli. Efni leikritsins verður ekki rakið frekar í þessari umsögn. Mér virðist að höfundurinn taki efnið föstum tökum. Markmið verksins er ekki sérstæð persónusköpun heldur þjóna þær allar sem ein því höfuðhlutverki að skila magnaðri þjóðfélagsádeilu. Þarna virðist mér höfundurinn vinna fragan sigur.

Leikstjóri er eins og áður er sagt Gunnar Eyjólfsson. Hann er Keflavíkingur og því mjög kunnugur þessu efni og auk þess mjög fær listamaður í sinni grein. Margt er líka gott um leikstjórn hans. Honum hefur tekist að kalla fram samræmdan svip á verkinu og furðu gott jafnvægi í samspili leikendanna. Svíðsetning er með nýstárlegum hætti, trúlega í átt við Bertold Brecht. Svíðskiptingar eru margar, einkum þegar þess er gætt hve leikritið er stutt. Leikstjórnin afmarkar leikatriði með hljómlist sem mér finnst rjúfa samhengi leiksins um of. Skiptingar hefðu þurft að vera hraðari og hefði þá boðskapur verksins komið betur til skila en raun varð á.

Sýnilegt er að leikendur hafa lagt sig alla fram við hlutverk sín. En þarna er um mikil dramatísk átök að ræða, sem ekki eru á færi nema bestu skapgerðarleikara. Með helstu hlutverk fara: Jóhann Gíslason, Jenný Lárusdóttir, Rúnar Hartmannsson og Jón Sigurðsson. Öll eiga þau sameiginlegt að koma texta verksins þokkalega til áheyranda, hins vegar var leikur þeirra að mínum dómi of dempaður. Undantekning var þó Sigríður Sigurðardóttir í hlutverki Gógu og forstjóra-hjónin á köflum, Jóhann og Jenný.

Eg vil að lokum endurtaka þakkið minar til höfundarins. Ef til vill mundi þessi sjónleikur skila sér best í kvikmynd.

Óskar Aðalsteinn



Jón Baldvinsson hefur opnað málverkasýningu á Loftinu við Skólavörðustíg. Þetta er sjöunda einkasýning Jóns.

Á Loftinu sýnir hann 26 olíumyndir, bæði nýjar og eldri myndir.

Sýningin er opin á verslunartíma virka daga og um helgar frá klukkan 14 til 18. Henni lýkur 25. nóvember.



Róbert syngur lög Gylfa Þ.

Lestin brunar nefnist ný hlómplata sem komin er út hjá Fálkanum. Róbert Arnfinnsson syngur lög eftir Gylfa Þ. Gíslason við ljóð eftir mörg helstu skáld þjóðarinnar. Þetta er önnur plata þeirra Róberts og Gylfa.

Undirleik á plötunni annast meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Jóns Sigurðssonar.



F.v. Ólafur Lárusson, Þór Vigfússon, Kees Visser og Magnús Pálsson. Vísismynd JA.

Nýlist að Kjarvalsstöðum

Fimm myndlistarmenn hafa opnað sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Þeir eru ÓLAFUR LARUSSON, ÞÓR VIGFÚSSON, KEES VISSER, MAGNÚS PÁLSSON og KRISTINN G. HARDARSSON. Öll verkin á sýningunni flokkast undir nýlist og eru þau mjög ólík,

t.d. teikningar, ljósmyndir, skulptúr, þrívíddarstærðfræði á leirtöflum og fléttumyndir úr pappír.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er opin til 25. nóvember frá klukkan 16 til 22 virka daga og frá klukkan 14 til 22 um helgar.

— KP.